

ÍSLENSK MENNINGARSTEFNA OG SKAPANDI GREINAR

Njörður Sigurjónsson, dósent, Háskólinn á Bifröst

Hugtakið „skapandi greinar“ hefur víða komið upp í opinberri umræðu og stefnumótun á Íslandi eftir aldamótin 2000, og síðast í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar í janúar 2017. Á sama tíma hefur hugmyndin um skapandi greinar ekki fengið mikið vægi í stefnumótun á sviði menningar og lista, en sem dæmi má nefna að í Menningarstefnu þeirri sem samþykkt var af Alþingi sem þingsályktun í mars 2013 er ekki minnst á skapandi greinar. Rannsóknin byggir á greiningu á stefnuskjala, þingræða og fleiri gagna, en í erindinu eru rakin vandamál tengd orðræðu um skapandi greinar í tengslum við menningarstefnu og gerð grein fyrir gagnrýni á hugtakið, bæði sem tilraun til atvinnugreinaflokkunar og smættunar á listrænu starfi. Loks verða raktar tilraunir út samtímanum til þess að endurhugsa hugmyndir um kortlagningu skapandi starfs og rannsóknir sem byggja á öðrum myndhverfingum. Rannsóknin og niðurstöður hennar eru framlag til rannsókna á íslenskri menningastefnu og opinberri stefnumörkun á sviði skapandi greina.